



Reykjavík, 21. febrúar 2018  
R18020184  
6111  
HBL/bþ

Alþingi  
Helgi Bernóðusson, skrifstofustjóri Alþingis  
Kirkjustræti  
101 REYKJAVÍK

***Áskorun til Alþingis að tryggja fjármagn til brýnna endurbóta á Vesturlandsvegi***

Á fundi borgarstjórnar þann 20. febrúar 2018 var svohljóðandi ályktun borgarstjórnar samþykkt:

Borgarstjórn skorar á Alþingi að tryggja fjármuni til brýnna endurbóta á Vesturlandsvegi í þágu umferðaröryggis. Nýlegir atburðir hafa enn einu sinni sannað að umræddur vegarkafli er hættulegur og að nauðsynlegt er að breikka veginn og aðskilja akreinar á honum. Reykjavíkurborg hefur unnið að útfærslu framkvæmdanna ásamt Vegagerðinni og deiliskipulag vegna verkefnisins er tilbúið til auglýsingar. Borgarstjórn skorar á ríkisvaldið að veita tafarlaust fé til umræddra vegabóta og lýsir sig reiðubúna til þess að tryggja skjóta og vandaða meðferð varðandi skipulagsþátt málsins í góðri samvinnu allra aðila þess, þar á meðal íbúa Kjalarness.

Helga Björk Laxdal  
e.u.